



Bjarkarhlíð

Fjölskyldusvið Garðabæjar

Reykjavík 2. desember 2018

Berglind K. Sigurbjörnsdóttir

Sviðstjóri fjölskyldusviðs

Efni: Beiðni um fjárhagslegan styrk til Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis.

Bjarkarhlíð – þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis, þakkar Garðabæ fyrir veittan styrk á árinu 2018 og óskar um leið eftir áframhaldandi stuðningi við verkefnið.

Bjarkarhlíð stendur nú á tímamótum en í árslok lýkur tilraunatíma verkefnisins og Bjarkarhlíð heldur starfsemi áfram sem sjálfstæð félagasamtök með áframhaldandi aðkomu þeirra samstarfsaðila sem komið hafa að verkefninu.

Eftirspurn eftir þjónustu í Bjarkarhlíð er mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi en á árinu 2017 komu alls 316 mál á borð Bjarkarhlíðar. Fyrstu 9 mánuði þessa árs hafa 344 ný mál komið á borð Bjarkarhlíðar, sem sýnir fram á þörfina fyrir þjónustu í þeirri umgjörð sem Bjarkarhlíð býður. Þá hafa samstarfsaðilar sem veita þjónustu og ráðgjöf í Bjarkarhlíð aukið viðveru til þess að anna eftirspurn.

Til Bjarkarhlíðar leita einstaklingar af öllu landinu en flestir koma af höfuðborgarsvæðinu. Fyrstu 9 mánuði ársins komu 235 frá Reykjavík, 33 frá Kópavogi, 31 frá Hafnarfirði, 18 frá Garðabæ, 6 frá Mosfellsbæ og 2 frá Seltjarnarnesi. Mesta aukning hefur orðið meðal einstaklinga frá Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Þá hafa 196 einstaklingar leitað til lögreglunnar í Bjarkarhlíð, sem veitir einstaklingum upplýsingar og ráðgjöf varðandi meðferð mála í réttarvörslukerfinu. Af þessum 196 málum hafa verið lagðar fram kærur í 36 málum en ætla má að það séu kærur sem mögulega hefðu ekki komið fram.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar óskar þar af leiðandi eftir áframhaldandi stuðningi nærliggjandi sveitarfélaga. Allar félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu þekkja vel til Bjarkarhlíðar og hafa vísað skjólstæðingum sínum á þá þjónustu sem stendur þar til boða. Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis hefur verið starfrækt frá 2. mars 2017. Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytisins, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins,

Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í Bjarkarhlíð starfa tveir félagsráðgjafar sem veita stuðning og ráðgjöf en velferðarráðuneytið hefur fjármagnað þær stöður. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til stöðu rannsóknarlögreglukonu með fasta viðveru á opnunartíma. Grasrótarsamtök eru einnig með reglulega viðveru á staðnum og veita einstaklingum stuðning og ráðgjöf, sem nemur u.þ.b. einu stöðugildi. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, búnað og stendur straum af rekstrarkostnaði hússins sem samsvarar alls 7,5 m.kr. ár ári.

Það er von okkar að Garðabær sjái sér fært að styrkja áfram þetta mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllst,

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, verkefnastjóri Bjarkarhlíðar.

Lovísa Lilliendahl, formaður framkvæmdarstjórnar Bjarkarhlíðar.



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg 108 Reykjavík, sími 553300, ragna@bjarkarhlid.is, kt. 680817-0300, reikningur 0133-26-013108